

Mál nr. 131/2019**M og
V v/ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Orsakatengsl vegna ætlaðs líkamstjóns og umferðaróhapps 20. mars 2017.****Gögn.**

Málskot, dags. 4.4.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 17.4.2019, ásamt tjónagreiðslufirliti vegna munatjóns.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að umferðaróhapp hafi orðið 20. mars 2017 og tilkynnir M um líkamstjón vegna þess sama óhapps með sérstakri tjónstilkynningu dags. 13. júní 2017. Í málinu liggja einnig fyrir af hálfu M upplýsingar um læknisheimsókn M 22. mars 2017 og meðferð hennar hjá kírópraktor. Af hálfu V hefur verið lögð fram skýrsla um mögulegan höggkraft vegna árekstursins dags. 2. apríl 2018 sem og yfirlit yfir um 170 þúsund króna bótagreiðslur vegna tjóns á bifreið þeirri sem M var í þegar árekstur varð.

M telur að hún eigi rétt til greiðslu bóta vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu ökutækis hjá V og í því felist greiðslur vegna gagnaöflunar til undirbúnings matsgerðar vegna afleiðinga líkamstjónsins. M telur að V geti ekki ályktað með svo almennum hætti út frá mati sem V aflar einhliða á mögulegum höggkrafti vegna árekstursins að M hafi ekki getað orðið fyrir líkamstjóni.

V telur að M hafi ekki sýnt fram á að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna áreksturs 20. mars 2017 og vísar til matsgerðar dags. 2. apríl 2018 sem sýni að kraftar þeir sem gætu hafa leitt til höggs á bifreið þá sem M var í við áreksturinn hafi verið mjög litlir og ekki til þess fallnir að leiða til líkamstjóns. Einnig bendir V á að kostnaður við að gera við bifreiðina hafi verið minniháttar og styðji það afstöðu félagsins.

Álit.

Í gögnum málsins kemur fram að M leitaði til læknis vegna einkenna sem hún rekur til áreksturs 20. mars 2017 tveimur dögum eftir atvikið. Lýsingar á einkennum M í umræddu læknisvottorði og skýrslu kírópraktors eru þess eðlis að vera almenns eðlis og einnig er vísað til annars umferðarslyss M á árinu 2016. Eins og gögn í þessu máli liggja fyrir er ekki hægt að fullyrða, án þess að sérstakt mat fari fram á mögulegum afleiðingum, hvort meiri eða minni líkur séu á að einkennum M tengist árekstrinum eða afleiðingum annarra atvika eða aðstæðna. Slíkt heildarmat liggur ekki fyrir. Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskortum sem að ofan er lýst og á því ekki rétt á bótum m.v. fyrirbyggjandi gögn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækis hjá V.

Reykjavík, 21. maí 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.